

Samiðn skorar á fjármála-og efnahagsráðherra að tryggja RSK fjármuni til að halda úti skilvirku vinnustaðaeftirliti

Eins og kunnugt er hefur orðið mikil fjölgun erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði og spár benda til að enn eigi eftir að fjölga í þeim hópi. Erlendir starfsmenn eru mikilvægir fyrir atvinnulífið og mikilvægt að vel sé búið að þeim hvað varðar aðbúnað og launakjör. Reynslan segir okkur að hættan á félagslegum undirboðum og undanskotum frá skatti eykst verulega við aðstæður sem þessar og öflugt og skilvirkt vinnustaðaeftirlit því nauðsynlegt.

Á síðustu misserum hefur RSK í samstarfi við stéttarfélög, haldið úti vinnustaðaeftirliti sem hefur skilað góðum árangri en einnig staðfest að hluti erlendra starfsmanna eru ekki að njóta þeirra starfskjara sem kjarasamningar og lög eiga að tryggja.

Nú hefur RSK ákveðið einhliða að hætta þessu samstarfi og ber m.a. fyrir sig að Alþingi hafi ákveðið að skera niður fjárveitingu upp á 40 milljónir sem sérstaklega hafi verið ætlaðar vinnustaðaeftirliti.

Samiðn skorar á fjármála-og efnahagsráðherra að bregðast við og tryggja fjármuni svo hægt sé að halda áfram árangursríku vinnustaðaeftirlit en fullyrða má að hver króna sem sett er í aukið eftirlit á þessu sviði, skilar sér margfalt í ríkiskassann.

Reykjavík, 3. apríl 2017